

og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 7 000.00. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegaeða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónur, nema þyngri hegning liggji við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Borgarfjarðarsýslu, nr. 123 9. júní 1965, sbr. samþykkt nr. 275 14. nóvember 1969, um breyting á henni.

Samgönguráðuneytið, 9. mars 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Hvammstanga.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps ákveður að leggja gatnagerðargjald á lóðir og byggingar í Hvammstangahreppi, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari. Hemilit er að leggja gatnagerðargjald á land, sm sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjald er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að leggja bundið slitlag á götur.

3. gr.

Við álagningu gatnagerðargjaldsins skal miða við ákveðið hlutfall byggingar-kostnaðar á rúmmetra „vísitöluhúss“, eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands.

Miða skal við stærð bygginga samkv. fasteignamatsskráningu, eða samþykktum teikningum.

Ef fleiri en einn eigandi er að byggingu skiptast gjöldin í samræmi við það rúmmál, sem hverjum tilheyrir, samkv. reglum Fasteignamats ríkisins.

4. gr.

Álagning gatnagerðargjaldsins skal vera sem hér segir:

1. Íbúðarbyggingar:

1.1. Einbýlishús	3.0%
1.2. Tvíbýlishús, raðhús	2.3%
1.3. Fjölbýlishús, bifreiðageymslur	1.6%
2. Aðrar byggingar:

2.1. Verslanir, skrifstofur, þjónustu- og viðskiptastofnanir	3.0%
2.2. Opinberar byggingar, heilbrigðis- og skólamannvirki, samkomu- hús o. fl.	3.0%
2.3. Iðnaðarhúsnæði, sláturhús, mjólkurbú, fiskvinnslustöðvar, vöru- skemmur o. fl.	1.6%
2.4. Önnur hús eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar	1.6— 3.0%
3. Jafnframt skulu lóðarhafar greiða kr. 60.00 (vísitala 159) fyrir hvern fermetra lóðar, eða lands hvort sem bygging er þar eða ekki. Þó skulu einbýlishúsalóðir útmældar samkv. skipulagi ekki reiknast stærri en 750 m².

5. gr.

Gjöld samkv. 4. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verkið fer fram og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

6. gr.

Gjalddagi gatnagerðargjalda samkv. 4. gr. er þegar lokið er lagningu bundins slit'ags á götu og ákveður hreppsnefnd nánar um gjalddaga í hverju tilviki.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða við byggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal innheimta gatnagerðargjald af viðkomandi byggingu samkv. þeirri vísitölu er þá gildir.

8. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðast út á gjalddaga sbr. 6. gr. en eftirstöðvar með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á, á sömu gjalddögum.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

9. gr.

Hreppsnefnd getur gefið gjaldfrest, lækkað eða fellt niður öll gjöld af húsum ellilífeyrisþega eða öryrkja, ef ástæður eru bágar.

Ef um gjaldfrest er að ræða, miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar gjaldið er innheimt.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingar eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkv. reglugerð þessari lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Hreppsnefnd sker úr um ágreining, sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkv. reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut kunna að eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. mars 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka til Skútustaðahrepps og Laxár með hólum og kvíslum allt að ósi árinna við Skjálfanda, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Laxá báðum megin.

2. gr.

Á landssvæði því, er um getur í 1. gr., er hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask óheimilt, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.

Breytingar á hæð vatnsborðs stöðuvatna og rennsli sraumvatna eru einnig óheimilar nema til verndunar og ræktunar þeirra, enda komi til sérstakt leyfi Náttúruverndarráðs.

Heimilar skulu þó framkvæmdir, sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á náttúruverðmætum að dómi Náttúruverndarráðs.

Þá eru heimilar, án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, byggingar samkvæmt staðfestu skipulagi, enda hafi Náttúruverndarráð fallist á skipulagsáætlun þá, sem um er að ræða.

3. gr.

Náttúrurannsóknastöð skal starfrækt við Mývatn.

Menntamálaráðuneytið skipar stjórn stöðvarinnar samkvæmt tilnefningum Náttúrufræðistofnunar Íslands, Verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands,